

Nd.

385. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með 3. gr. frv. er lagt til að skattfrelismörk til eignarskatts verði lækkuð. Þannig á að hækka eignarskatt af litlum eignum umfram launahækkunir.

Alþýðuflokkurinn telur þetta ranga stefnu og hefur lagt til að þessi skattfrelismörk verði þvert á móti hækkuð og mun byggja breytingartillögur sínar við frv. til fjárlaga 1986 á því.

Undirritaður leggur því til að 3. gr. frv. verði felld en mælir með samþykkt frv. að öðru leyti.

Alþingi, 19. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.